

Ágætu lesendur

Eins og fram hefur komið verður aðalfundur Auðhumla svf. haldinn föstudaginn 3. apríl nk. og hefst hann kl. 13:00 á Hótel Selfossi. Eins og fyrr er þetta fulltrúafundur, en að sjálfsögðu opin öllum félagsmönnum.

Í aðdraganda aðalfundar hafa verið haldnir 14 deildarfundir víðsvegar um landið. Þetta er í fyrsta sinn sem undirritaður tekur þátt í öllum þessum fundum og vil ég nota þetta tækifæri og þakka fyrir góðar móttökur og málefnalegar umræður. Það liggur í hlutarins eðli að í mörgum tilfellum eru umræðurnar um þau mál sem standa fólki næst. Það er eðlilegt. Hins vegar voru heildarhagsmunirnir til umræðu á öllum þessum fundum. Þar var rætt um afkomu mjólkuriðnaðarins og greinarinnar í heild sinni. Ennfremur verðlagsmál og þann lagaramma sem við búum við. Öll þessi mál verða að sjálfsögðu til umræðu á aðalfundinum.


Hvað afkomu iðnaðarins varðar þá hljóttum við að leita allra leiða til að ná rekstri Mjólkursamsölnunnar og þar með Auðhumlu í jafnvægi á árinu 2009, annað er óásættanlegt.

Eins og ástandið er í dag í lok marsmánaðar er umgjörðin ekki vænleg, vextir lækka lítið og gengi ísl. krónunnar hefur aftur fallið, en reksturinn er mjög háður þessu tvennu. Það er þó huggun harmi gegn, að salan frá áramótum hefur verið góð og kostnaðaraðhald er allt mjög virkt.

Verðlagsnefnd búvöru hóf störf á árinu 2009 með upplýsingaöflun til uppfærslu á verðlagsgrundvelli kúabús og kostnaðarútreikningi fyrir vinnslu- og dreifingarkostnað afurðastöðva, en þessir tveir þættir mynda grunn að lágmarksverði mjólkur og heildsöluverði mjólkurvara. Verðlagsnefnd hefur haldið sinn fyrsta fund á árinu, og næsti

fundur hefur verið boðaður í byrjun apríl.

Breytingar á búvörulögum nr. 99/1993, sem greininni er ætlað að starfa eftir, hafa komið upp á síðum fjölmiðla nú síðustu daga, en fyrirhugað var að klára þær breytingar nú í lok starfa alþings. Þetta mál hefur verið á borði tveggja ríkisstjórna. Málið komst aldrei til umfjöllunar og afgreiðslu alþingis í hjá síðustu ríkisstjórn Núverandi ríkisstjórn hefur knappan tíma og hluti hennar hefur hvorki áhuga á þessu frumvarpi eða landbúnaði almennt, svo þar við situr. Í umfjöllun um málið, ekki síst í fjölmiðlum, hefur aðalatriði þess verið afbakið og gert tortryggilegt og ekki rætt efnislega. En hvert er aðalatriði frumvarpsins? Ótvírætt er það skýr og afdráttarlaus réttarstaða greiðslumarkshafa. Sú grundvallarkrafa að jafnræðis sé gætt meðal þeirra og að starfsemi þeirra falli undir ein lög sem lúta að greininni. Túlkun laganna og framkvæmd þeirra sé skýr og hafin yfir allan vafa, og réttarstaða greiðslumarkshafa sé skil-



greind. Það er réttur eigenda greiðslumarkshafa í mjólk.

Ræða ágæts landbúnaðarráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, á aðalfundi Landssambands kúabænda gefur fyrirheit um að eftir kosningar í apríl verði þetta mál tekið upp og afgreitt í eitt skipti fyrir öll, á meðan við búum við núverandi kerfi.

*Með bestu kveðju,
Magnús*



Aðalfundarboð

Aðalfundur Auðhumla svf. verður haldinn föstudaginn 3. apríl 2009 að Hótel Selfossi. Fundurinn hefst kl. 13:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Önnur mál.

Fundurinn er opin öllum félagsmönnum Auðhumla svf.

Stjórn Auðhumla svf.

Magnús H. Sigurðsson í Birtingaholti: – Hættur sáttur og sæll –

Magnús H. Sigurðsson í Birtingaholti í Hrunamannahreppi hefur látið af störfum, sem formaður Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) og hefur þar með hætt að sinna trúnaðarstörfum fyrir iðnaðinn. Magnús á langan og farsælan feril að baki fyrir mjólkuriðnaðinn en ferillinn hófst fyrir 37 árum þegar hann settist í fulltrúaráð Mjólkurbús Flóamanna 1972. Hann hefur verið að síðan enda setið í fjölmörgum stjórnum og ráðum afurðastöðva og oftast verið varaformaður eða formaður. Lengst starfaði hann í stjórn Flóabúsins, sat þar í rúmlega 30 ár, lengst af sem varaformaður, stjórnarformaður Mjólkursamsölnunar frá 1986, í 19 ár og stjórnarformaður SAM frá 2001.

Kýr og kartöflur

Magnús er fæddur 23. júlí 1942 og uppalinn í Birtingaholti í hópi sjö systkina. Eignkona hans er Guðbjörg Björgvinsdóttir, fædd og uppalin í Hvolhreppnum. Börnin eru fimm og barnabörnin 16. Magnús hóf kúabúskap í Birtingaholti 1964. Nú hefur Ragnar, sonur þeirra og Marta kona hans tekið við kúabúinu, stækkað það og bætt en hjónakornin ætla ekki að láta þar við sitja, þau hafa stundað kartöflurækt í fjölda ára og ætla frekar að bæta í við þá ræktun nú þegar félagsstörfin dragast saman.

Félagsmálastörf forfeðranna

„Ég ólst upp við félagsstörf, pabbi og afi voru mikið í þeim málum og eitt leiddi af öðru sem varð til þess að ég fór út í félagsstörfin. Ég hafði alltaf mikinn áhuga á afurðasölu bænda og ákvað að einbeita mér að þeim málum. Verkefnið fyrir mjólkuriðnaðinn hafa verið mjög fjölbreytt m.a. snúið að stefnumótum, hagræðingu, samskiptum við bændur, þjónustu við neytendur og ekki síst vörubrúun. Stefnan hefur lengi verið að koma mjólkuriðnaðinum í eitt og ná þannig fram bestri hagræðingu og það hefur tekist að mestu leyti“, sagði Magnús þegar hann var spurður út í félagsstörfin og störfin fyrir mjólkurvinnsluna.

Góð sameining

Magnús er ánægður með þær sameiningar sem hafa átt sér stað í mjólkuriðnaðinum, ekki síst sameiningu Mjólkurbús Flóamanna og Mjólkursamsölnunar. „Já, það var heilla skref þó margir hafi verið efins og ekki áttað sig á hlutunum þegar sameiningin átti sér stað. Þá varð sú sameining lykillinn að frekari sameiningu í mjólkuriðnaðinum, sem lauk með stofnun Mjólkursamsölnunar ehf. Ég fann alltaf góða samstöðu hjá kúabændum með sameininguna, þeir sáu að við vorum að gera rétt, það er ég enn þakklátur fyrir. Nú stöndum við miklu sterkari og erum betur samkeppnisfær við t.d. innflutning. Við eigum líka alltaf nægar mjólkurvörur fyrir innanlandsmarkað, það hefur alltaf verið þýðingarmikið markmið“, sagði Magnús.



Magnús H. Sigurðsson í Birtingaholti í Hrunamannahreppi.

Ekki Evrópusambandið

„Nei, guð forði okkur frá því, við höfum ekkert að gera þangað inn, það myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenska búvöruframleiðslu“, sagði Magnús þegar hann var spurður hvort Íslendingar ættu að ganga inn í Evrópusambandið. „Við höfum byggt mjólkuriðnaðinn þannig að við hugsum til matvælaöryggis þjóðarinnar. Mjólkuriðnaðnum stafa margar hættur ef við göngum inn í ESB, við höfum kynnt okkur það“, bætti Magnús við.

Takk fyrir mig

Magnús er hættur að starfa sáttur og sæll fyrir mjólkuriðnaðinn. „Ég vil að lokum þakka kærlega fyrir mig, það hefur verið ánægjulegt að vinna fyrir iðnaðinn og bændur landsins enda hef ég kynnt mörgu góðu fólki í gegnum mín störf. Ég vona að ég hafi staðið undir væntingum. Ég mun halda áfram að fylgjast með greininni og hef mikla trú á afurðastöðvum og kúabændum þessa lands“, sagði Magnús í lokin, sem er langt frá því að vera hættur í félagsmálastörfum. Hann er t.d. formaður sóknarnefndar Hrepphólasóknar, er í Kiwanisklúbbum Gullfossi og syngur með Karlakór Hreppamanna svo eitthvað sé nefnt.

Verðlaunahafar fyrir úrvalsmjólk

Það er ekki vandalaust að standast kröfur við framleiðslu á úrvalsmjólk alla mánuði ársins. Auðhumla verðlaunar þá framleiðendur sem standast þessar kröfur með vönduðum glösum með árituðu nafni jarðarinnar og ártali. Árið 2008 fengu eftirfarandi 31 framleiðandi úrvalsmjólkur viðurkenningu frá Auðhumlu. Auk þess fengu 2 framleiðendur á félagsvæðri KS viðurkenningu eða alls 33 framleiðendur á landinu öllu árið 2008.

Samlag	Nafn	Heimilisfang	
Egilsstaðir:			
	Chris Beekman	Brekuborg	Breiðdalshreppi
	Óskar Gunnlaugsson	Berufirði II	Djúpavogshreppi
Selfoss:			
	Ólafur Kristjánsson	Geirakoti	Sveitarfél. Árborg
	Félagsbúið,	Efri-Brúnavöllum	Skeiða- og Gnúpverjah.
	Kristinn Guðnas/Elín Guðjónsd.	Þverlæk	Rangárþingi ytra
	Félagsbúið,	Skaftholti	Skeiða- og Gnúpverjah.
Reykjavík:			
	Vigfús Pétursson	Hægindi	Borgarbyggð
	Ásmundur Guðmundsson	Arkarlæk	Hvalfjarðarsveit
Búðardalur:			
	Gústaf Jökull Ólafsson	Miðjanesi	Dalabyggð
	Pétur Sigurvaldason	Neðri-Torfustöðum	Húnaþingi vestra
	Ásgeir Sverrisson	Brautarholti	Húnaþingi vestra
Ísafjörður:			
	Kristján Högni Jónsson	Ósi	Bolungarvíkurhr.
Blönduós:			
	Auðólfstaðabúið	Auðólfstöðum	Húnavatnshreppi
Akureyri:			
	Jóhann Tryggvason	Vöglum	Eyjafjarðarsveit
	Félagsbúið Espihóli	Espihóli	Eyjafjarðarsveit
	Félagsbúið Villingadal	Villingadal	Eyjafjarðarsveit
	Hlynur Þórssón	Akri	Eyjafjarðarsveit
	Gamla Klauf ehf.	Klauf	Eyjafjarðarsveit
	Þríhyrningur ehf.	Þríhyrningi	Hörgárbyggð
	Gunnsteinn Þorgilsson	Sökku	Dalvíkurbyggð
	Sveinn Kjartan Sverrisson	Melum	Dalvíkurbyggð
	Fagranesbúið	Fagranesi	Þingeyjarsveit
	Félagsbúið Hjarðarbóli	Hjarðarbóli	Þingeyjarsveit
	Félagsbúið Arndísarstöðum	Arndísarstöðum	Þingeyjarsveit
	Ólafur Ólafsson	Þjarnarstöðum	Þingeyjarsveit
	Ingvar Ketilsson	Haldórsstöðum	Þingeyjarsveit
	Ingjaldsstaðabú ehf.	Ingjaldsstöðum	Þingeyjarsveit
	Kristján Ingjaldr Tryggvason	Fellsseli	Þingeyjarsveit
	Baldvin Einarsson	Engihlíð	Þingeyjarsveit
	Sigtryggur Garðarsson	Reykjavöllum	Norðurþing
	Jón Helgi Jóhannsson	Víðiholti	Norðurþing



Verðlaunahafar í Norðausturdeild.



María Hauksdóttir og Ólafur Kristjánsson, Geirakoti ásamt Guðmundi Geir Gunnarssyni mjólkurbússtjóra MS Selfossi



Guðfinnur Jakobsson, Skaftholti og Jón Vigfússon, Efri-Brúnavöllum ásamt Guðmundi Geir Gunnarssyni mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Kristinn Guðnason, Þverlæk ásamt Guðmundi Geir Gunnarssyni mjólkurbússtjóra MS Selfossi.

MS Búðardal 45 ára – 1964-2009

Á sjötta áratug síðustu aldar varð niður-skurður á sauðfé vegna mæðiveiki í Dalasýslu eins og í mörgum öðrum héruðum. Af þeim sökum beindist hugur bænda þar að mjólkurframleiðslu í auknum mæli, og til þess að koma skipan á þá starfsemi var Mjólkurfélag Dalamanna stofnað 28. mars 1958.

Mjólkurfélagið fór fljótlega að huga að byggingu mjólkurbús í héraðinu. Og samþykkti 1960 að leita til Kaupfélags Hvammsfjarðar að það kæmi upp mjólkurbúi eins fljótt og auðið væri í samráði við Mjólkurfélagið. Í maí sama ár ályktaði Sýslunefnd Dala-sýslu um nauðsyn þess að reisa mjólkur-vinnslustöð í héraðinu.

Fundarmenn töldu þetta vera eitt allra stærsta hagsmunamál héraðsins og skor-uðu á alla þá aðila sem lagt gætu þessu mikla hagsmunamáli lið.

Þann 12. nóvember 1960 upplýsir Ásgeir Bjarnason alþingismaður frá Ás-garði á fundi hjá Mjólkurfélaginu að samþykkt hafi verið í Framleiðsluráði landbúnaðrins að fela Mjólkursamsöl-unnni í Reykjavík að byggja mjólkurbú í Búðardal og í Grundarfirði.

Stjórn Mjólkursamsölunar hafði þá þegar fallist á að taka þessar framkvæmdir að sér. Þessum tíðinum var vel fagnað af heimamönnum og var stjórn og forstjóra Mjólkursamsölnnar, Stefáni Björnssyni, sérstaklega þakkað fyrir þeirra forgöngu í málinu.

Mjólkursamsalan hóf síðan framkvæmdir við byggingu mjólkursam-lagsins 4. maí 1962. Byggingaframkvæmdum lauk og vinnslan hófst 18. mars 1964 í 450 m² húsnæði.

Á þessu fyrsta ári Mjólkurbúsins voru ca. 290 innleggjendur og náði svæðið yfir Skógastrandhrepp, alla Dalasýslu, Geiradalshrepp og Reykhólahrepp í Austur-Barðastrandasýslu.

Framleiðsla fyrstu árin var neyslumjólk,

skyr, kasein og smjörgerð. Kaseingerð var hætt árið 1966 og vinnsla mjólkur-dufts hafin í staðinn.

Árið 1974 var ákveðið að leggja Mjólkursamlagið í Grundarfirði niður og færa alla starfsemi til Búðardals. Ástæðan var samdráttur í mjólkurframleiðslunni og vatnsskortur. Þessi ákvörðun hafið miklar breytingar í för með sér fyrir Búðardal því svæðið náði nú yfir norðanvert Sæfellsnes, Dalasýslu og að Þorskafjarðarbotni.

Þetta sama ár fer Framleiðslusjóður fram á það að mjólvinnslu verði hætt í Búðardal, en í staðin verði hafin ostagerð eins fljótt og auðið væri. Var hafist handa við byggingu ostagerðar og hófust framkvæmdir haustið 1975. Bygging um 1.000 m² var fullgerð 1977. Keyptur var 10.000 ltr. ostatankur frá Paasch & Silkeborg í Danmörku. Fyrsti Gouda osturinn var lag-aður 7. júlí 1977 (07.07.77). Ein-göngu var framleiddur skorpulaus ostur í stærðinni 38x38 cm, um 15 kg/stk. Voru framleidd 120 tonn af ostum til áramóta 1977. Ostagerðin jókst jafnt og þétt fyrstu árin, því auk mjólkur af eigin svæði, þá var mjólk flutt til Búðardals frá Borganesi til ostagerðar. Þessi samvinna var tekin að tilhlutan Framleiðsluráðs til aukningar á ostaframleiðslu í landinu.

Í nóvember árið 1982 voru mjólkur-dagar haldnir í Reykjavík. Þar voru kynntir nýir ostar Dala-Brie og Dala-Yrja sem vöktu mikla athygli. Sala á þessum ostum hófst í desember sama ár. En þróun ostanna hafði staðið frá því í byrjun árs 1982. Árið 2001 hófst framleiðsla á Höfðingjaosti, sem hlotið hefur lof neytenda.

Árið 1995 verða ákveðin kaflaskil í starfsemi Mjólkursamlags Búðardals með tilkomu nýrra verkefna frá Mjólkursam-laginu Borganesi sem var lagt niður

sama ár. Þessi nýju verkefni voru Sýrður rjómi, Engjaþykki og skyrframleiðsla fyrir Mjólkursamsöluna. Fljótlega sama ár kemur svo Hrísmjólk á markaðinn.

Hafin var undirbúningur á gæðaeftirlitskerfi fyrir Mjólkursamlagið í Búðardal árið 1995.

Gæðahandbók fyrir Mjólkursamlagið Búðardal var gefin út 10. júlí 1996. Sama ár þann 30. júlí gefur Heilbrigðis-efirlit Vesturlands út vottun/viðurkenn-ingu til Mjólkursamlagsins fyrir innra eftirlit í matvælaíðnaði.

Árið 1997 gerði Mjólkursamsalan samning við Valio í Finnlandi um notk-unarréttinn á LGG+ gerlunum fyrir Ís-land og Færeyjar. Í kjölfarið var gerður samningur við Emmi International í Sviss, um framleiðslu og sölu á vörum (sem þeir kalla Aktifit), en er framleitt undir nafninu LGG+. Áætlað var að selja fyrsta árið 600.000 einingar en raunin varð 6.000.000 einingar.

Árið 1998 var svo komið að mikil þrengsli háðu starfseminni. Þetta leiddi til þess að 10. apríl 1999 var hafist handa við viðbyggingu á 850 m² lím-tréshúsi, auk þess var byggt yfir port, sem áður hafði hýst lestun og losun mjólkurbíla, samtals 1.200 m². Þessi bygging hýsir rannsóknarstofu, kæli, lestun og losun bíla og vörugeymslu. Byggingunni var lokið 4. desember sama ár.

1. september 1999 var hætt átöpp-un neyslumjólkur í Búðardal og dreif-ingarmiðstöðinni á Patreksfirði var lokað í október sama ár.

MS Búðardalur hefur tekið þátt í veiga-miklum hagræðingaraðgerðum mjólkur-iðnaðarins á 45 ára sögu samlagsins, sem gerðar hafa verið í íslenskum mjólkuriðnaði. Eftirfarandi sameiningar-verkefni hafa átt sér stað.

1. Tekið við starfsemi Mjólkursamlagsins Grundarfirði 1974.
2. Tekið við starfsemi Mjólkursamlagsins Patreksfirði 1993.
3. Tekið við hluta af starfsemi Mjólkursamlagsins í Borganesi 1995.
4. Samvinna við Mjólkursamlag Austur-Húnvetninga Blönduósi 1999
5. Tekið við starfsemi Mjólkursamlags Vestur Húnvetninga Hvammstanga 2002.
6. Samningur um rekstur Mjólkursamlag Ísafirðinga 2006.

Ein mesta hagræðingaraðgerð sem MS Búðardal hefur tekið þátt í síðastliðinn ár er sameining mygluostagerðar á einn stað innan Mjólkursamsölunar ehf.

Með sameiningu Mjólkurbús Flóamanna og Mjólkursamsölunar í Reykjavík var tekin sú ákvörðun að sameina alla dessertostagerð á einn stað hjá MS Búðardal. Síðar var svo ákveðið að flytja Gráðostaframleiðslu frá MS Akureyri til Búðardals.

Undirbúningur nýrrar ostagerðar hófst vorið 2005 og í janúar 2008 voru pöntuð tæki og búnaður frá þýska fyrirtækinu Alpma. Alpma er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á tækjabúnaði fyrir framleiðslu á ostum, sérstaklega mjúkkum ostum eins og mygluostum.

Þann 22. mars 2008 var síðasti Gouda osturinn lagaður í MS Búðardal. Gouda ostagerð hafði þá staðið yfir í tæp 31 ár hjá Mjólkursamlaginu.

Fyrsta framleiðslan í nýjum tækjabúnaði til (dessertostagerðar) var þriðjudaginn 12 ágúst 2008. Fyrsta framleiðsla á Gráðaosti var 27. febrúar 2009.

Frá MS Búðardal hafa komið fjölmargar nýjungar sem núorðið þykja ómissandi á borði neytenda hér á landi. Fetaostur er gott dæmi um hvernig tekist hefur að aðlaga mjólkurafurð að breyttum neyslunum landsmanna. Fetaosturinn er ættaður frá Grikklandi og hefur hátt saltinnihald. Hann er afgreiddur í þækli eða kryddleginn í olíu.



Framleiðsla hófst í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar og þótt varlega hafi verið farið af stað má segja að framleiðslan hafi strax slegið í gegn. Síðan hefur verið bætt við ýmsum afbrigðum og þakningum til að mæta kröfuhörðum neytendum.

Framleiðsluvörur sem koma frá MS Búðardal eru: Camembert, Höfðingi, Gullostur, Brie ostar, Stóri-Dímon, Kastali, Dala-Yrja, Hrókur ásamt markfæðinu LGG+, sem styrkir mótstöðuaflið í líkamnum. LH sem veitir náttúrulega hjálp við stjórn á blóðþrýstingi og Benecol sem lækkar kólesteról með hjálp plöntustanolestera.

Árið 2008 tók MS Búðardal á móti 7,3 milljónir lítra frá 57 innleggjendum. Söfnunarsvæðið er norðanvert Snæfellsnes, Dalasýsla, Reykólasveit og Vesturbyggð, (Barðaströnd og Rauðisandur) auk framleiðenda frá Húnaþingi vestra. Það má með sanni segja að MS Búðardal dekki Breiðafjörðinn jafn í mjólkursöfnun sem dreifingu á unnum mjólkurvörum.

Við flutningana eru notaðir 3 söfnunarbílar, þar af eru tveir, sem eru sérútbúinir til söfnunar á mjólk og dreifingar. Ein bifreið sér um flutninga til Reykjavíkur. Aftanavagnar eru 3.

Um síðustu áramót störfuðu 35 starfsmenn hjá MS Búðardal á skrifstofu, rannsóknarstofu og við framleiðslu, þökkun, dreifingu og mjólkursöfnun. Tveir starfsmenn hafa starfað hjá búinu frá upphafi eða í 45 ár, (enda státar það af miklum stöðuleika í starfsmannahaldi). Starfsfólk MS Búðardal er einstaklega

samheldinn hópur, sem vill láta gott að sér leiða.

Fimm menn hafa gengt starfi mjólkurbústjóra frá upphafi:

- Lauritz Jørgensen 1964-1966
- Eiríkur Þorkelsson 1966-1970
- Heimir Lárusson 1970-1977
- Sigurður Rúnar Friðjónsson 1977-2007
- Sævar Hjaltason frá 2007

Reynsla og þekking, ásamt metnaði og frumkvæði eru þættir sem hafa gert það að verkum að MS Búðardal skipar sér í forystusveit á íslenskum matvæla-markaði með framleiðslu á margvíslegum gæðavörum. Undirstaða framleiðslunnar er mjólkinn, hin hreina íslenska ýtrustu kröfur, sem gerðar eru til mjólkuriðnaðar nú á dögum og hefur útflutningsleyfi á Evrópumarkað.

Allt frá því að mjólkurframleiðsla hófst í Búðardal hefur verið lagt kapp á, að starfsemin sé í sátt við náttúruna og umhverfið. Gæðastarfi fyrirtækisins lýkur aldrei. Þótt áherslur og starfsaðferðir breytist er stefnan óbreytt, þ.e. eins mikil gæði og möguleg eru í framleiðslu og þjónustu á hverjum tíma.

Vinna að gæða- og umverfismálum hefur með tímanum orðið órjúfanlegur hluti af öllu innra starfi enda er hreinleiki íslenskrar náttúru, heilnæmt og kjarngott fóður, tækniþekking í landbúnaði og öguð vinnubrögð bænda forsendan fyrir því fyrsta flokks hráefni, sem MS Búðardal vinnur afurðir sínar úr.

*Afmæliskveðjur
Sævar Hjaltason, mjólkurbústjóri*


Samanburður á frumutölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



Samanburður á líftölu árin 2009 og 2008 hjá innleggjendum MS



Innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum



Útgefandi Auðhumla og MS

Ábyrgðarmaður:
Magnús Ólafsson

Ritstjóri:
Garðar Eiríksson, gardare@audhumla.is

Blaðamaður:
Magnús Hlynur Hreiðarsson

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst Auðhumlu og MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra,

Sala á mjólkurvörum í febrúar 2009

	Magn (kg.)				Upphæð			
	Jan.-feb. 08	Jan.-feb. 09	Mism. þús kr.	Mism. %	Jan.-feb. 08	Jan.-feb. 09	Mism. ltr/kg	Mism. %
Samt. lítrar	1.238.503	1.160.333	-78.169	-6,31	853.426.915	1.030.497.808	177.070.893	20,75
Samt. kíló	8.358.466	8.545.560	187.095	2,24	1.191.350.218	1.442.398.396	251.048.178	21,07

	Magn (kg.)				Upphæð			
	feb. 2008	feb. 2009	Mism. þús kr.	Mism. %	feb. 2008	feb. 2009	Mism. ltr/kg	Mism. %
Samt. lítrar	601.331	568.763	-32.568	-5,42	417.334.148	501.698.594	84.364.446	20,22
Samt. kíló	4.159.612	4.121.301	-38.311	0,92	586.520.531	701.560.598	115.040.067	19,61

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2008-2009

Landið sept.- febrúar:	2008-2009	2007-2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	59.934.790	58.800.255	1.134.535	1,93%
Greiðslumark	119.000.000	117.000.000	2.000.000	1,71%
Nýting greiðslumarks	50,37%	50,26%		
Landið janúar:	2009	2008	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	20.816.247	20.778.611	37.636	0,18%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2008/2009	2007/2008	Mismunur	Hlutfall
9	2.545.613	2.482.835	62.778	2,53%
10	2.547.695	2.488.028	59.667	2,40%
11	2.538.271	2.518.589	19.682	0,78%
12	2.568.134	2.546.240	21.894	0,86%
13	2.563.566	2.531.327	32.239	1,27%
Samtals:	12.763.279	12.567.019	196.260	1,56%

Yfirlit mælinga hjá MS

Tímabil V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala MFM	Frumut.	Frumut. MFM	Fjöldi
1/02/09 - 4/02/09	4.07	3.32	2.60	0.6	6.1	-0.547	16	246	225	2,737

Líftala í þúsundum hjá MS

Mánuður	% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu					
	0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
Febrúar 2009	87.54	95.51	99.67	0.11	0.15	0.07